

# Fagráð í hrossarækt

## 95. fundur

Staður og stund: Zoom fundur, miðvikudaginn 14. október 2020 kl. 10:00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Siguroddur Pétursson, Sveinn Ragnarsson, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Erlendur Árnason, Gunnar Kristinn Eiríksson, Hulda Gústafsdóttir og Elsa Albertsdóttir. Þorvaldur Kristjánsson og Ingunn Reynisdóttir komust ekki á fundinn.

### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning.
2. Stofnverndarsjóður.
3. Ráðstefna Fagráðs
4. Önnur mál.

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
2. Auglýsa þarf bráðlega eftir styrksúmsóknum úr Stofnverndarsjóði, á báðum hestamiðlunum og í Bændablaðinu. Það þarf að styrkja tekjustofn sjóðsins þannig að hann geti viðhaldið sér. Auk þess að þyrfti að sækja leyfi til ráðuneytisins um að ganga áfram á höfuðstól sjóðsins þannig að hægt verði að styrkja áhugaverð verkefni vel.  
  
Óska þarf eftir framvinduupplýsingum vegna þeirra styrkja sem veittir voru í sumar.
  - a) Könnun á erfðafræðilegum þáttum sem hafa áhrif á ganghæfni íslenskra hrossa – Heiðrún Sigurðardóttir.
  - b) Horseday, app og vefforrit til nota fyrir eigendur íslenskra hesta – MOM ehf.
  - c) Kaup á myndefni frá kynbótasýningum 2020 – Landsmót ehf.
3. Ráðstefna hrossaræktarinnar. Farið var yfir drög að dagskrá, hvaða ræktunarbú kæmu til greina til tilnefningar og hvaða hryssur hlytu heiðursverðlaun í ár. Óvenjumargar hryssur fá viðurkenningu í ár, en stærsta ástæða þess er breytingar á kynbótamati þar sem viðbættur mætingareiginleiki hefur greinilega áhrif til hækkunar hryssna sem skila hlutfallslega mörgum afkvæmum í dóm. Auk hryssna hljóta tveir nýir afkvæmahestar viðurkenningu í haust. Þá var farið yfir aðrar verðlaunaveitingar hæstu hæfileikaeinkunnir ársins, alhliða og án skeiðs, án áverka; auk hæstu aldursleiðréttu aðaleinkunna ársins, alhliða og án skeiðs. Velt var upp hvort einhver áhugaverður fyrirlestur sé til kynningar. Vegna covid-19 hefur verið ákveðið að ráðstefnan verði öll tekin upp fyrirfram og send út, tímasetning hennar verður seinna í ár eða í byrjun desember.
4. Önnur mál.

Undir þessum lið var rætt um upptökur kynbótahrossa, hver yrðu næstu skref í þeim málum en beiðni um umræður þar að lútandi hefur borist til RML frá Alendis. Ekki er

ljóst á þessum tímapunkti hver afstaða RML er til verkefnisins. Verði það að veruleika að kynbótasýningar verði teknar upp þarf utanumhald og fjármögnun þess að vera á hreinu, með góðum fyrirvara fyrir næsta sýningarár og forðast að aukinn kostnaður vegna þess bætist við sýningargjöld.

Þá var rætt frekar um þá sjóði sem hægt er að leita í til styrktar verkefnum, en eftir að Framleiðnisjóður var settur inn í Matvælasjóð gæti verið erfitt að fá fjármagn þaðan til styrktar öðrum verkefnum en þeim sem snúa beint að matvælaiðnaði og -framleiðslu. Gunnar vill þó meina að það ætti að vera hægt og ætti að láta á það reyna.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 12:30

Við pennann: Elsa Albertsdóttir